

Endurskoðun náttúruverndarlaga

Erindi á ársfundi náttúruverndarnefnda 2010

Aagot Óskarsdóttir lögfræðingur

Grundvöllur löggjafar um náttúruvernd

▶ Mannhyggja

- ▶ að hagsmunir manna eigi að liggja til grundvallar löggjöf um umhverfis- og náttúruvernd,
- ▶ réttindi komandi kynslóða – sjálfbær þróun – jöfnuður milli kynslóða.

▶ Náttúruhyggja

- ▶ að sérhver lífvera eða vistkerfi jarðar kunni að hafa eigið gildi og tilverurétt,
- ▶ að vernd náttúrunnar sé ekki endilega bundin hagsmunum mannsins heldur miði í auknum mæli að því að viðhalda náttúrulegum ferlum og þróun náttúrunnar eftir eigin lögmálum.



Grundvöllur íslenskrar löggjafar um náttúruvernd

- ▶ Sérstaða íslenskrar náttúru og fágæti og sú staðreynd að hún hafi lengi verið ósnortin.
 - ▶ Þekkingar- og vísindagildi, siðferðileg skylda til að takmarka áhrif mannsins.
- ▶ Fegurð náttúrunnar og mikilvægi hennar sem uppspretta upplifunar og vellíðunar.
 - ▶ Fagurfræðilegt gildi, mikilvægi upplifunar af náttúrunni.
- ▶ Þýðing auðlinda náttúrunnar fyrir íslenskt samfélag.
 - ▶ Nytjagildi, áhersla á hóflega og skynsamlega nýtingu.
- ▶ Mikilvægi lífríkisins og náttúrulegra þróunarferla.
 - ▶ Vernd vistkerfa, vistgerða og búsvæða til að tryggja tegundafjölbreytni íslenskrar náttúru.



Stefna stjórnvalda

- ▶ Stefnan markast að ýmsu leyti af skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur undirgengist með aðild að alþjóðlegum samningum og þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu.
 - ▶ Samningur um líffræðilega fjölbreytni,
 - ▶ Ramsar samningurinn um votlendi sem hefur alþjóðlegt verndargildi, einkum fyrir fugla,
 - ▶ Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr og búsvæði þeirra í Evrópu,
 - ▶ Alþjóðasamþykkt um fuglavernd,
 - ▶ Cites – Samningur um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu,
 - ▶ Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunin,
 - ▶ Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna,
 - ▶ Vatnatilskipun ESB.



Stefna stjórnvalda (frh.)

- ▶ **Stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands:**
 - ▶ Stefnumörkun um málefni hafsins (2004)
 - ▶ Stefnumörkun í loftslagsmálum (2007)
- ▶ **Framkvæmdaáætlanir:**
 - ▶ Náttúruverndaráætlun 2009–2013
 - ▶ Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði
 - ▶ Landgræðsluáætlun 2003–2014
- ▶ **Tillögur sérfræðinganefnda um stefnumótun:**
 - ▶ Endurheimt votlendis (2006)
 - ▶ Vernd og endurheimt birkiskóga (2007)



Helstu sjónarmið í stefnumótun og áætlanagerð íslenskra stjórnvalda

- ▶ að vernda beri það sem er sérstætt og fágætt í íslenskri náttúru,
- ▶ að vernda beri líffræðilega fjölbreytni,
- ▶ að leggja þurfi aukna áherslu á vistkerfisnálgun,
- ▶ að efla þurfi rannsóknir og vöktun,
- ▶ að tryggja beri möguleika almennings til að njóta náttúrunnar,
- ▶ aukin áhersla á jafnvægi verndar og nýtingar náttúruauðlinda,
- ▶ að tryggja beri að nýting lands, lífríkis og annarra auðlinda sé sjálfbær,
- ▶ að tryggja þurfi öryggi gagnvart dreifingu erfðabreyttra lífvera og ágengra framandi tegunda.



Vinna nefndar um endurskoðun nvl.

- ▶ Í áfangaskýrslu sem nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga skilaði ráðherra í mars sl. lagði nefndin til að unnið yrði að heildarendurskoðun laganna sem tæki mið af þeim markmiðum sem yfirvöld hafa sett.
- ▶ Þó taldi nefndin að huga þyrfti strax að nokkrum forgangsattriðum sem ekki þyldu bið:
 - ▶ Akstur utan vega (17. gr. nvl.)
 - ▶ Sérstök vernd (37. gr. nvl.)
 - ▶ Framandi tegundir (41. gr. nvl.)
- ▶ Frumvarp til laga um breytingar á þessum greinum lagt fyrir Alþingi seinna í haust.

